

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag fyrir hálendismiðstöðina Kerlingarfjöll.

Deiliskipulagið nær yfir svæði í landi Ásgarðs í Kerlingarfjöllum sem skv. svæðisskipulagi miðhálendisins er skilgreint sem hálendismiðstöð. Innan svæðisins eru í dag fjölmargar byggingar sem áður tengdust nýtingu svæðisins sem skíðasvæðis. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir þremur nýjum gisti- og þjónustuhúsum auk þess sem gert ráð fyrir að heimilt verði að stækka nokkur af þeim húsum sem þegar eru á svæðinu. Einnig er gert ráð fyrir ýmsum framkvæmdum til að bæta aðstöðu á svæðinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 9. janúar 2014.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 10. febrúar 2014.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.